

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 421/1993.

**Kristján Wendel persónulega og
vegna einkafyrirtækja sinna,
Draupnissjóðsins og Draupnis,
gegn**

Draupnissjóðnum hf.

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1993. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: Að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé óheimilt að nota orðið Draupnir í firmanafninu Draupnissjóðurinn hf., að stefnda verði dæmt skylt að afmá það úr Hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms í málinu að viðlögðum dagsektum, að fjárhæð 15.000 krónur, að notkun stefnda á orðinu Draupnissjóðurinn hf. í auglýsingum, á bréfsefni, reikningum og í hvaða formi sem er, verði dæmd óheimil og að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 500.000 krónur auk dráttarvaxta til greiðslu kostnaðar við birtingu dóms í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 18. maí 1993. Í þinghaldi 20. júlí 1993 var eftirfarandi bókað: „Ekki var talin þörf á endurflutningi málsins, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur: . . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er níu vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi

lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabíl, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
